

## AUGLÝSING

### um flutningsjöfnunargjald á sementi.

Viðskiptaráðuneytið hefur með heimild í lögum nr. 62 frá 30. apríl 1973, um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, að tillögu stjórnar flutningsjöfnunarsjóðs sements, ákveðið að flutningsjöfnunargjald af hverju tonni sements skuli vera *kr. 1.320* frá 1. apríl 2002 þar til annað verður ákveðið.

Flutningsjöfnunargjaldið skal reikna og greiða á hvert selt tonn af sementi. Skulu innlendir framleiðendur og innflytjendur, sem stunda endursölu á sementi á minnst tveimur verslunarstöðum sem jafnframt eru aðaltollhafnir, greiða gjaldið til flutningsjöfnunarsjóðs sements af sölu í hverjum mánuði eigi síðar en á síðasta virka degi að tveimur mánuðum liðnum frá lokum solumánaðar. Flutningsjöfnunargjald af öðru innfluttu sementi skal innheimt með aðflutningsgjöldum. Annast tollstjórar innheimtuna og skulu þeir skila gjaldinu til flutningsjöfnunarsjóðs sements.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 195, 14. mars 2002.

*Viðskiptaráðuneytinu, 19. mars 2002.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

*Porgeir Örlygsson.*

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 631, 3. ágúst 2001, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2001/2002.

#### 1. gr.

5. tl. 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Innfjarðarækja samtals .....	2.390
þ.a. Arnarfjörður .....	750
þ.a. Ísafjarðardjúp .....	1.500
þ.a. Húnaflói .....	0
þ.a. Skagafjörður .....	0
þ.a. Skjálfandi .....	0
þ.a. Öxarfjörður .....	140

#### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 19. mars 2002.*

**Árni M. Mathiesen.**

*Jón B. Jónasson..*